



Kennari:	Inga Björg Ólafsdóttir	Skammst.	IBÓ
----------	------------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Í áfanganum verður fjallað um áhrif nokkurra algengra sjúkdóma, s.s. alzheimer, parkinson, heilablóðfalls o.fl. Sjónum verður beint að hvernig best er að styðja einstaklinginn til að halda virkni og vinna á móti andlegri og félagslegri vanvirkni. Réttindi og þjónusta verður skoðuð og leitast við að fræðast um hvernig sérstökum þörfum hvers hóps er mætt með tilliti til að auka virkni og lífsgæði. Skoðuð verður hvar, hvenær og hvernig er hægt að vinna að þjónustunni með hugmyndafræði valdeflingar. Nemendur munu öðlast dýpri þekkingu á aðstæðum og aðbúnaði aldraðra á Íslandi. Kynntar verða nokkrar mismunandi stofnanir og félög sem sérhæfa sig í þjónustu fyrir aldraða einstaklinga og einnig verða skoðaðar rannsóknir og með því veitt innsýn í ólíka upplifun einstaklinga af þjónustu og umönnun.

MARKMIÐ:

ÞEKkingARVIÐMIÐ

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- framgangi algengra öldrunarsjúkdóma.
- almennum aðbúnaði aldraðra á Íslandi.
- réttindum aldraðra og mismunandi þjónustuúrræðum.
- mismunandi stofnunum, heimilum og samtökum fyrir aldraða.
- áhrifum sjúkdóma og fylgifiska öldrunar á nánustu fjölskyldu.
- mismunandi hlutverkum þeirra starfstétta sem vinna með öldruðum.
- grundvallaratriðum í vinnu með eldri borgurum sem hafa verið með fötlun frá fæðingu.
- völdum rannsóknum sem hafa verið gerðar á ólíkri upplifun einstaklinga af þjónustu og umönnun fyrir aldraða.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta aðbúnað aldraðra.
- umgangast og finna úrræði fyrir einstaklinga með langvarandi sjúkdóma.
- meta áhrif sjúkdóma og öldrunar á nánustu fjölskyldu.
- bera virðingu sjálfræði eldri borgara og taka mið af skoðunum þeirra, reynslu og persónuleika.
- greina þætti í eigin fari og hvernig hann getur bætt sig sem félagsliði á sviði öldrunar.
- meta hvernig ólík fjölskyldutengsl aldraðra hafa áhrif á virkni þeirra og líðan.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita vinnubrögðum sem eru viðeigandi í þjónustu við aldraða.
- skilgreina viðeigandi úrræði fyrir aldraða með mismunandi sjúkdóma.
- bregðast við ólíkum þörfum mismunandi einstaklinga og virða sjálfræði þeirra.
- vinna faglega með aðstandendum aldraðra, bregðast faglega við óvæntri hegðun og sýna viðbrögðum fólks sem lendir í erfiðum aðstæðum skilning.
- taka upplýsta afstöðu um hugmyndafræði í ólíkri þjónustu við aldraða.

Öldrun og lífsgæði
(ÖLFR1ÖL05)
Námsáætlun haustönn 2024



Verkenntaskólinn á Akureyri

NÁMSGÖGN:

Notast verður við námsefni frá kennara og ýmsar greinar á netinu.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSPÁTTA:

Tímabil (vikunúmer/lotun úmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttar
Vika 37	Öldrun og öldrunarbreytingar	Skilaverkefni 1	5%
Vika 38	Öldrun og öldrunarbreytingar	Skilaverkefni 2	5%
Vika 39 - 42	Algengir sjúkdómar hjá öldruðum og áhrif þeirra	Skilaverkefni 3 Skilaverkefni 4 Skilaverkefni 5 Ritgerð	5% 5% 5% 20%
Vika 43 - 44	Virkni og lífgæði. Einmannaleiki hjá öldruðum	Skilaverkefni 6 Skilaverkefni 7 Viðtalsverkefni	5% 5% 20%
Vika 45 - 46	Einmannaleiki, félags og tómstundastarf hjá öldruðum	Skilaverkefni 8 Skilaverkefni 9	5% 5%
Vika 47 - 49	Sjálfsþing, réttindi og þjónusta við aldraða. Velferðartækni.	Skilaverkefni 10 Skilaverkefni 11 Verkefni	5% 5% 10%

NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSPÁTTA:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmat spættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Vikuleg skilaverkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan háls mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Tíu hæstu gilda til einkunnar.	50%
Ritun	Ritgerð úr völdu efni	20%
Viðtalsverkefni	Viðtal við aldraðan einstakling og tengir við námsefni áfangans	20%
Stærra skilaverkefni	Skilaverkefni úr velferðartækni í heilbrigðisþjónustu aldraðra	10%
	Samtals:	100%
Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar.		
Annað: Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatspáttum.		